

## Aðalfundur Félags hrossabænda 2014

haldinn í fundarsalnum Heklu á Hótel Sögu fös. 7. nóv. 2014 kl. 10

Sveinn Steinarsson formaður setti fund og skipaði þá Björn Magnússon og Helga Eggertsson sem fundarstjóra og Huldu G. Geirsdóttur sem ritara. Þá voru þeir Eysteinn Leifsson og Zophonías Jónmundsson skipaðir í kjörbréfanefnd og tóku þeir strax til starfa.

### Ávörp gesta.

**Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ** tók til máls og flutti kveðju samtakanna. Ræddi nýlega þróun mála hjá LH/LM og sagðist ekki hafa vitað af því að LH myndi ekki standa við viljayfirlýsingu um landsmótshald við Skagfirðinga. Fékk sms rétt áður en Skagfirðingum var tilkynnt um þetta og sagðist ekki vera sammála þeirri ákvörðun. Sagðist hins vegar samt vera með opinni umræðu um landsmót og velta þyrfti upp ýmsum spurningum: Hvert er markmiðið með mótahaldinu? Er þetta markaðsgluggi eða innlent mannamót? Hvernig sjáið þið þetta fyrir ykkur? Hvað eiga mótin að innifela? Eru mótin fyrst og fremst fyrir knapa og ræktendur eða er þetta eitthvað annað og meira? Sagði að í sínum huga væri þetta sambland af öllu saman og við þyrftum að komast að samkomulagi um mótin. Mikil áhætta í þessum rekstri. Hrósaði framkvæmdastjóranum Axel Ómarssyni fyrir gott starf og sagði mótið 2014 líklega verða rekið í kringum núllið og sagði það til umhugsunar að mót með 9000 gesti komi rétt út á núlli.

Kynbótavellinum var ekki gert eins hátt undir höfði eins og gæðingavellinum í sumar, t.d. var þar enginn skjár, en það var hluti af hagræðingu í rekstri mótsins.

Sindri velti fram hugmyndum um lengd mótanna. Eiga þau að vera svona löng eða kannski bara fjórir dagar? Hvað með kynbótahlutann? Er hægt að fækka kynbótahrossunum? Þarf að fordæma hrossin eða er yfirlit nóg? Er eitthvert kynbótalegt gildi í því að hafa eldri hrossin? Þarf lágmörk eða er betra vera með fjöldatakmörkun í hverjum flokki? Óskaði eftir uppbyggilegri umræðu um þetta. Kynbótasýningin á LM varð auðvitað mjög erfið sökum fjölda hrossa og veðuraðstæðna en starfsfólk og knapar stóðu sig ótrúlega vel og vildi Sindri koma þökkum á framfæri til þeirra.

Ræddi Landsmót ehf. – sagði það sína skoðun að FHB eigi að eiga hlutinn í landsmóti í stað BÍ og sitja þar í stjórn. Telur að FHB eigi að kaupa þennan hlut og hvetur fundarmenn til að skoða það vel.

Verður ekki umflúið að FHB og LH vinni betur saman og leggur áherslu á það. Markmiðið er að vinna að eflingu hestamenskunnar og íslenska hestsins.

Næstur tók til máls **Sveinn Ragnarsson deildarstjóri hestafræðideildar Hólaskóla**. Hann fjallaði um nám á hestafræðibraut skólans og kynnti námskrá þeirra, en boðið er upp á þriggja ára háskólanám í reiðmennsku og reiðkennslu. Sagði námið mikilvægt fyrir fagmennsku og trúverðugleika greinarinnar. Búið er að útskrifa tvo hópa úr þessu námi og sagði Sveinn miklar og jákvæðar breytingar orðið á náminu í gegnum tíðina. Aðalmarkaðsmálið væri reiðkennslan. Reiðkennarar væru í því að bera út fagnaðarerindið og kenna fólki á hestinn. Stór hluti af nýliðunarferlinu, uppfærslu reiðmanna og endurnýjun hestakosts. Með knapamerkjum byrjum við skipulagða stigskipta kennslu á grunnskólaaldri og þaðan er hægt að halda áfram upp á við og í dag segir Sveinn nemendur á Hólaskóla mjög vel undirbúna þegar þeir komi inn í skólann. Hann kynnti einnig aðstöðu skólans og hestakostinn.

Sagði skólahestana mikilvægasta þáttinn og sérstöðu skólans sem þarf að hlúa að. Stefnir að því að stofna fagrað fyrir hestafræðideildina þar sem hagsmunafélög greinarinnar og ferðamennskan ættu fulltrúa og hefðu þannig áhrif á námið.

Sagði að þýðing knapamerkja námsefnisins yfir á ensku væri gríðarlega mikilvægt verkefni og hagsmunamál allrar greinarinnar. Skortur er á námsefni sem hægt er að nýta við kennslu erlendis og það er mjög hamlandi. Efnið er til, þarf bara að þýða það.

**Gunnar Sturluson forseti FEIF** tók til máls og sagði aðeins frá starfsemi FEIF. Hann hvatti hestamenn til samstöðu og sagði að öll hin aðildarlöndin héldu utan um sín málefni undir einum hatti. Þessi tvöfalda aðild að FEIF hér á landi á sér sögulegar skýringar, en Gunnar telur mikilvægt að hestamenn á Íslandi þjappi sér saman og komi fram sem ein heild. Núna er tækifæri til að láta á það reyna hvort hægt er að vinna sem ein heild, í einum samtökum. Aukið samstarf hagsmunafélaganna myndi dýpka vægi Íslands í alþjóðasamstarfinu. Næst framundan hjá FEIF er HM í Herning í Danmörku og að þessu sinni eru Íslendingar gestgjafar, í samstarfi við hin Norðurlöndin, og verður spennandi að sjá hvernig það þróast. Ef smærri aðildarlönd geta sameinast á þennan hátt getur sá hluti útvíkkast og fleiri lönd komið að því að halda HM. Á ræktunarsviðinu er ýmislegt í þróun og eiga Íslendingar sterka fulltrúa þar. Að lokum óskaði Gunnar fundinum velfarnaðar og góðra starfa.

**Bjarni Maronsson fulltrúi Landgræðslunnar** var næstur í pontu og flutti góðar kveðjur frá Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra og öðru starfsfólki Landgræðslunnar. Sagði frá landgræðsluþætti gæðastýringar hrossaræktarinnar og í ár eru það um 40 bú sem taka þátt. Æskilegt væri að fleiri tækju þátt, það myndi efla landlæsi hrossabænda og bæta ímynd þeirra. Við ættum að vera í forystu hvað þetta varðar. Ofbeitartilfellum í hrossahögum hefur fækkað en betur má ef duga skal. Margir eru þó til fyrirmyndar og ættu að vera öðrum hvatning til umbóta. Hagabeit er undirstaða hrossabúskapar á Íslandi og mikilvægt að þau mál séu í góðum farvegi. Þakkaði hrossabændum gott samstarf.

**Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir** kom í pontu og ávarpaði fundinn. Sagði frá helstu verkefnum er tengjast hrossum hjá MAST. Sjúkdómastaða er góð, en auðvitað er alltaf sú áhætta að eitthvað nýtt berist til landsins. Mikilvægt er að auka varnirnar og ekki síst innanlands, þ.e. að bændur verji sín bú. Myndi gjarna vilja vinna að því að hestamenn geti eflt þessar varnir heima við. Mjög dýrt ef fara þarf að stunda bólusetningar hérlendis. Ræddi nýja reglugerð um velferð hrossa og kynningu á henni, en skrifa þarf greinar og halda kynningarfundir. Meiri áhersla á dýrin sjálf í þessum nýju reglum, ekki bara á byggingar og búnað.

Afla hagtalna, við eigum í erfiðleikum með að afla þeirra. Nú er komin upp gagnagrunnurinn Bústofn og þarf að nýta hann til að afla gagna. Ekki eru þó allir hesteigendur skráðir í Bústofn og vonandi verður hægt að fjármagna lausnir á því á næsta ári. Segist vona að hestamenn komist í gegnum umrótatíma og óskar félaginu velfarnaðar.

## **Skýrsla og reikningar.**

**Sveinn Steinarsson formaður** þakkaði gestum góð ávörp og gott veganesti inn í umræðuna í dag. Flutti því næst skýrslu stjórnar – sjá skýrslu.

Þegar Sveinn hafði flutt skýrsluna kom Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri FHB í pontu

og bætti við kynningu á nýrri heimasíðu og sýndi sýnishorn úr bókinni „Hestheimar barnanna“ sem er í vinnslu á vegum FHB og LH.

**Vignir Sigurðsson gjaldkeri** félagsins gerði grein fyrir ársreikningum. Sjá reikninga.

Því næst tók **Zophanías Jónmundsson** til máls fyrir hönd kjörbréfanefndar og fór yfir kjörbréf og kynnti fundarfulltrúa. Þrjátíu og sex fulltrúar eiga rétt til fundarsetu. Öll aðildarfélög sendu fulltrúa þó ekki væri fullskipað. Fjöldi félaga í FHB er nú 1173.

### **Umræður um skýrslu og reikninga.**

**Sigríkur Jónsson** spurði um kostnað við hýsingu vefsíðna og svaraði Hulda því til að hún væri sammála því að hýsingin væri of dýr og nú væri m.a. verið að skoða nýja hýsingaraðila fyrir nýju heimasíðuna, sem kostuðu umtalsvert minna.

Sigríkur spurði einnig um flutningsstyrki sláturhrossa og svaraði Hulda því til að samkvæmt verkreglum FHB gætu þeir sem aka þyrftu meira en 300 km með hross til slátrunar sótt um flutningsstyrk. Þetta á við um fáa í dag, en þó eru þarna einhverjir smávægilegir styrkir.

**Gunnar Arnarson** spurði um skráða hlutabréfaeign félagsins í ársreikningum, hvort einhver raunveruleg verðmæti liggja þar á bak við? Eins hverjar helstu eignir félagsins eru?

Hulda svaraði því til að þessi hlutabréfaeign væri í raun verðlaus, fjárfestingar í félögum fyrir langa löngu sem annað hvort eru ekki starfandi lengur eða verðmæti orðið nánast ekkert.

Vignir bætti við að aðrar eignir félagsins væru fyrst og fremst peningaleg eign í sjóði og svo einhver smávægilegur tækjabúnaður s.s. tölvur og skrifstofubúnaður. Hlutabréfaeignina þyrfti einfaldlega að uppfæra og afskrifa úr reikningum.

**Zophanías** spurði um umtalsverða hækkun á veitingakostnaði félagsins og sagði Hulda það skýrast af því að veitingakaup í tengslum við aðalfund voru mun dýrari eitt árið þegar ekki var í boði að kaupa veitingar af mötuneyti BÍ. Nú er sú þjónusta aftur í boði þannig að sá kostnaður ætti að færast aftur nær fyrra horfi.

**Birgir Leó Ólafsson** spurði út í tap á rekstri félagsins og svo fyrirsjáanlega tekjulækkun félagsins vegna niðurfellingar búnaðargjalds. Spurði hverjar áætlanir stjórnar væru? Hulda svaraði því að áætlanir hefðu gert ráð fyrir þessu tapi enda hefði aðalfundur árið áður samþykkt að ganga á sjóði félagsins upp að vissu marki til að fara í fleiri verkefni og markaðsvinnu. Stjórn væri svo mjög meðvituð um hugsanlegar breytingar á tekjum félagsins og það yrði eitt af hennar aðalverkefnum í framhaldi fundarins að endurskoða umsvif og starfsemi félagsins út frá þessari stöðu.

Að fyrirspurnum loknum voru reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

Þá var tekið **matarhlé**.

### **Erindi.**

Að loknu matarhléi var dagskrá framhaldið með erindi Heimis Gunnarssonar „Samanburður á dómum milli sýninga, kynbótamat byggt á sýningartilfellum.“

Í erindi Heimis kom fram að „niðurstöðurnar voru þær að sýningartilfellin reyndust hafa marktæk áhrif á dóma og skýrðu meira í breytileika en samsettu flokkar landa og ára. Matið á áhrifum sýningartilfellanna reyndist marktækt í öllum löndum nema Þýskalandi sem gefur vísbendingar um að kynbótamat sem byggir á þarlandum dómum sé skekkt. Sá munur sem er

á dómum milli landa virðist þó vera að minnka jafnt og þétt með árunum. Meirihluti sýninga alls staðar í heiminum er innan skekkimarka þegar mat á áhrifum sýningartilfellanna er skoðað út frá staðalfrávikum frá meðaltali. Hins vegar eru um 35% af sýningum í Þýskalandi að hafa meiri jákvæð áhrif á dómana en meðalsýningin en ekki ein einasta sýning þar í landi hafði neikvæð áhrif. Í öðrum löndum var þessu jafnar dreift.

Ekki reyndist marktækur munur á öryggi þess kynbótamats sem leiðrétt var fyrir landi og ári en þess sem leiðrétt var fyrir sýningartilfelli. Skýringuna gæti verið að finna í þeirri staðreynd að byggt var á endurteknum dómum sem gefur almennt herra öryggi og því þyrfti að rannsaka þetta nánar með því að miða við hæsta aldursleiðréttu dóm líkt og gert er við núverandi kynbótamatsútreikninga.

Samantekt niðurstæðna verkefnisins eru að draga þarf úr áhrifum umhverfisþátta á niðurstöður kynbótadóma. Atriði sem nefnd hafa verið eru að staðla þær kröfur sem gerðar eru til kynbótadómara allstaðar í heiminum, staðla sýningaraðstæður sem og verklag við kynbótasýningarnar.“

**Viðar Steinarsson** spurði hvort einhver knapaáhrif kæmu fram, þ.e. hvort það hefði verið skoðað. Heimur sagði verkefnið ekki ganga það langt að hafa skoðað þetta. Áhrif knapa hafa ekki verið rannsökuð á Íslandi en það hefur verið gert annars staðar, í öðrum hestakynjum, og sumstaðar er leiðrétt fyrir áhrifum knapa, t.d. út frá reynslu knapanna. Það væri vert að skoða.

**Ólafur Sigurgeirsson** spurði um muninn á tilviljakenndum umhverfisáhrifum á móti kerfisbundnum umhverfisáhrifum.

Heimur sagðist ekki þekkja þessa dýpt í útreikningunum – en munurinn lægi fyrst og fremst í því að kerfisbundin munur hefði sömu áhrif, t.d. aldur og kyn. Tilviljanakennd áhrif eru svo t.d. atriði eins og knapi, veður, tamningastig og annað slíkt sem ekki næst utan um.

**Ríkharður Hafdal** spurði um áhrif valla og Heimur svaraði því til að þau gögn væru einfaldlega ekki til, þ.e. upplýsingar um vallaraðstæður og gerð á hverri sýningu. Einnig nefndi hann að í WorldFeng kæmi ekki fram hvort það væru einkunnalágmörk inn á sýningar, en dæmi eru um það erlendis að lágmörk séu inn á sýningar og svo auðvitað á fjórðungs- og landsmótum hér á landi.

**Gunnar Arnarson** spurði um staðalfrávik. Heimur sagði lögmál normal dreifingar vera að 68% allra einstaklinga væru innan eins staðalfráviks og 12% innan tveggja staðalfráviks. Staðalfrávikin sýnir hversu langt frá meðalhópnum hesturinn er.

Gunnar spurði einnig hvort staðalfrávik hefði markaðslegt gildi. Heimur sagði niðurstöður á kynbótasýningum væru ekki nægilega sambærilegar og því væri kynbótamatið í raun betri mælikvarði en kynbótadómurinn.

**Birgir Leó Ólafsson** spurði um dómskalann og hvort hann væri þá ekki of grófur en Heimur taldi það ekki vera. Hins vegar væri alveg kominn tími á endurskoðun skalans.

**Vignir Sigurðsson** spurði hvað væri raunhæft að gera til að minnka mun á milli sýninga? Heimur sagði að aðstæðurnar væru orðið meira staðlaðar en áður, en markmiðið er að reyna að hafa þetta eins staðlað og hægt er. Best væri að fækka sýningarstöðum eins og hægt er og allra best væri að vera bara með einn sýningarstað. Línulegri dómskali myndi einnig staðla meira.

**Sveinn Steinarsson** spurði hvort reiknað væri bara fyrir aðaleinkunn, en Heimur sagði svo ekki vera. Miklu minna útslag á byggingardómum, fylgni milli dóma væri mun meiri þar.

Sveinn sagðist hins vegar hafa verið að spyrja um ýkt dæmi um breytingar í byggingardómum

á milli landa. Heimir sagði dæmi um það, en það væri líka að finna hér innanlands.

**Bergur Jónsson** spurði hvort hin hliðin væri ekki skoðuð, þ.e. dómarnir og samsetning þeirra? Heimir sagðist hafa langað til að skoða það, en því miður býður kerfið ekki upp á að sjá hverjir dæma hvaða hross. Dæmi úr öðrum búfjárkynjum þar sem notast er við huglægt mat sýna að því meiri reynsla og stöðluð samsetning dómnefnda, því minna frávik. Hér innanlands er hópurinn nokkuð staðlaður og ekki fjölmennur, en eitt vandamálið er að menntunarkröfur dómara hér á landi og erlendis eru ekki þær sömu, en gögnin fara öll inn í sama grunninn.

**Sigbjörn Björnsson** spurði hvort kynbótasýningar á LM eru að skila okkur einhverju nýju um kynbótagildi gripa? Heilt yfir nei, sagði Heimir. Ekki þannig að það hafi stórvægilegar breytingar á kynbótamatinu, út frá heildinni skiptir það litlu máli.

**Indriði Karlsson** sagðist hafa ætlað að spyrja að því sama og Bergur og það endilega um að ekki yrði hrært í dómskalanum á meðan hann væri enn í hrossarékt! Heimir sagði aðeins of mikið rými fyrir eigin túlkanir í núverandi túlkanir. Línulegur skali væri betri.

**Gunnar Arnarson** spurði hvað þyrfti til að laga dómskala, sbr. „sniðgott“ hægt stökk eins og nú er. Heimir sagðist telja að sú vinna þyrfti að koma frá FEIF, væntanlega í gegnum vinnuhóp sem færi í að endurskoða dómskalann.

## **Nefndarstörf.**

Fundarstjórar þökkðu Heimi gott erindi og næsta mál á dagskrá voru nefndarstörfin. Fundarmenn höfðu skipt sér á þrjár starfsnefndir, **allsherjar- og markaðsnefnd**, **fjárhagsnefnd og ræktunarnefnd**, og var kallað eftir tillögum og ályktunum til nefnda. Hulda las upp tillögur sem borist höfðu inn á fundinn og var þeim vísað til nefnda eftir því sem við átti.

Að loknum nefndarstörfum var tekið kaffihlé og svo gengið aftur til dagskrár. Formenn starfsnefnda gerðu þá grein fyrir störfum nefnda og lögðu fram tillögur.

### **Eysteinn Leifsson – Allsherjar- og markaðsnefnd:**

Ein tillaga lá fyrir nefndinni og var hún svohljóðandi:

*Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 7. nóvember 2014 leggur til að úrvinnsla rannsókna DNA sýna á hrossum verði skilvirkari og skýrari.*

*Greinargerð: Nauðsynlegt er að DNA greining gangi hratt fyrir sig og ef upp koma vandamál sé haft samband við eigendur og standi ekki einungis „í vinnslu“ í WorldFeng. Til eru mörg dæmi þess að í WF séu DNA sýni enn í vinnslu ári eftir að þau eru tekin og engar nánari skýringar gefnar á því.*

Nefndin breytti tillögunni á eftirfarandi hátt:

*Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn á Hótel Sögu 7. nóvember 2014 vísar því til stjórnar að skýra verkferla og beita sér fyrir því að haft sé samband við eigendur hrossa ef upp koma vandamál varðandi DNA greiningu, svo leysa megi úr málum ef hægt er.*

*Greinargerð: Nauðsynlegt er að DNA greining gangi hratt fyrir sig og að haft sé samband við eigendur ef upp koma vandamál við DNA greiningu og ekki standi „í vinnslu“ í*

*WorldFeng. Mörg dæmi eru í WF um að DNA sýni séu enn „í vinnslu“ ári eftir að þau eru tekin og engar nánari skýringar á því.*

Tillagan borin upp og **samþykkt**.

Þá sagði Eysteinn nokkur mál hafa verið til umræðu í nefndinni, m.a. exembæklingur. Nefndin vill að upplýsingar um forvarnir gegn sumarexemi verði aðgengilegar á heimasíðu félagsins en ekki sé ástæða til útgáfu á pappír. Einnig væri æskilegt að frekari upplýsingar er varða heilsu og velferð íslenska hestsins yrðu aðgengilegar á netinu.

Eysteinn sagði Huldu G. Geirsdóttur og Rúnar Þór Guðbrandsson hafa greint frá sýningahaldi og möguleikum þar á. Nefndarmenn voru jákvæðir, en fjármagn væri auðvitað lykilatriði þegar kæmi að þátttöku í slíku. Þátttaka t.d. í Equitana er í vinnslu á vegum stjórnar, í samvinnu við önnur félög og stofnanir og stjórn mun vinna áfram að þeim málum.

#### **Vignir Sigurðsson – Fjárhagsnefnd:**

Vignir kynnti drög að fjárhagsáætlun og tillögu nefndarinnar að óbreyttum **félagsgjöldum til FHB, kr. 5.000** og var það **samþykkt**.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir tekjum upp á 12.150 þúsund og gjöldum upp á 13.030 þúsund og að tap verði því um 880 þúsund á árinu. Nefndin tók líka fram að ef ákveðið verður að taka þátt í stórum sýningum svo sem Hestatorgi á HM eða Equitana þá muni þurfa að ganga á sjóði félagsins nema til komi styrkur á móti.

#### **Sigbjörn Björnsson – Ræktunarnefnd:**

Sigbjörn kynnti tillögur úr ræktunarnefndinni. Sú fyrsta var eftirfarandi:

*Aðalfundur FHB haldinn á Hótel Sögu 7. nóvember 2014 krefst þess að staða ábyrgðarmanns hrossaræktarsviðs (hrossaræktarráðunautur) verði fest í sessi og til hennar ráðinn einstaklingur sem sérþekkingu á hrossarækt.*

*Greinargerð: Afar mikilvægt er að þessi staða sé tryggð í sessi og til hennar veljist einstaklingur sem er leiðtogi þeirra sem starfa við dómstörf, sem og geti verið í forystu hlutverki er varðar ræktun íslenska hestsins á heimsvísu.*

Var tillagan borin upp og **samþykkt samhljóða**.

Næstu tillögu hafði verið lítillga breytt í nefndinni og var hún borin fram svona:

*Aðalfundur FHB haldinn á Hótel Sögu 7. nóvember 2014 leggur til að leyfileg hófastærð kynbótahrossa í dómi verði minnkuð um ½ cm og munur milli fram- og afturhófa verði allt að 1.5 cm.*

*Greinargerð: Með þessum breytingum minnkar álag á fætur auk þess sem hófsöfnun hefur áhrifa á jafnvægi hestsins og torveldar mat á eðlisgæðum gangtegunda.*

Þriðja tillaga úr ræktunarnefnd kom örlítið breytt úr nefndinni og hljóðaði svona:

*Aðalfundur FHB haldinn á Hótel Sögu 7. nóvember 2014 leggur til að samanlögð þyngd hófhlífa og legghlífa verði leyfð allt að 160 gr en þó aldrei meiri en 120 gr á hóf.*

*Fundurinn beinir því einnig til fagraðs að auka rannsóknir á hlífðarbúnaði til að vernda hrossin betur.*

*Greinargerð: Með þessu stórminnka líkur á ágripi á legg. Ekki er talið að vigt ofan við kjúku hafi áhrif á fótaborð þannig að einungis er um hlífðar aðgerð að ræða.*

**Tryggvi Björnsson** gerði athugasemd við að tillagan væri óskýr.

**Jósef Valgarð** sagði að aðskilja þyrfti þessi tvö mál í tillögunni, þ.e. ákveðna þyngd og svo hins vegar rannsóknir á áhrifum. Spurði hvort ekki væri öfugsnúið að samþykkja ákveðna þyngd og rannsaka svo áhrifin í framhaldinu?

**Ríkharður Hafdal** sagðist ekki vilja leyfa aukna þyngd en vill gjarna rannsaka áhrifin, tvennt ólíkt.

**Indriði Karlsson** sagði að hægt ætti að vera að samþykkja þetta, legghlífar minnka bara slyshættu.

Að umræðnum loknum var tillagan borin upp og **samþykkt**.

Tillögu varðandi tilslökun á ætternisgreiningu ungfola sem koma til byggingardóms var vísað frá í nefndinni.

Næsta tillaga úr ræktunarnefnd var svohljóðandi:

*Aðalfundur FHB haldinn á Hótel Sögu 7. nóvember 2014 samþykkir að fara fram á það við tölvudeild BÍ (WorldFeng) að fundin verði leið til að hægt sé að skrá einstakling fyrir fleiri en einni númeraröð þó ekki sé um samfellda röð að ræða.*

*Greinargerð: Núna er hægt að skrá ótakmarkaðan fjölda fyrir hverju númeri (númeraröð) en ef einstaklingur fullnýtir sín númer og þarf að fá viðbót er það ekki hægt, nema það sé í samfelldri röð. Þar með er ekki hægt að skrá t.d. folöld í heimaréttinni.*

**Ólafur Þórisson** óskaði eftir skýringum við þessa tillögu og fór **Jósef Valgarð Þorvaldsson** yfir það sem liggur henni að baki. Ekki er hægt að skrá hross á viðbótarnúmer og ekki hægt að skrá tvær númeraröðir. Þetta þarf að laga í WorldFeng.

Tillagan borin upp og **samþykkt**.

Næsta tillaga úr ræktunarnefnd var eftirfarandi:

*Aðalfundur FHB haldinn á Hótel Sögu 7. nóvember 2014 samþykkir að á komandi sumri verði gerð krafa um að búíð sé að taka DNA sýni úr öllum hryssum sem koma til dóms.*

**Ólafur Sigurgeirsson** velti fyrir sér hver ástæðan og þörfin er fyrir þessu. Hesteigandi sýnir kannski hryssu sem er ekki góð og ákveður í framhaldinu að nota ekki í ræktun. Þarf endilega að vita DNA greiningu? Aðeins forræðishyggja að hans mati.

Tillagan borin upp og **samþykkt**.

## Umræður um aðkomu kynbótahrossa og ræktenda að Landsmótum.

Undir þessum lið sameinuðust allar nefndir í umræðuhópi undir stjórn formanns. Sveinn sagði hugmyndina að reyna að draga fram samhljóm í viðræðum sem síðan færu til áframhaldandi vinnslu í sérstökum starfshópi sem svo myndi skila af sér tillögum til stjórnar.

Opnað var fyrir umræður og fyrstur tók til máls **Magnús Jósefsson** formaður Samtaka hrossabænda í A-Hún. Sagðist hafa haldið fund í sínu félagi varðandi þessi mál og þar voru allir með sína skoðun. Margar útgáfur í gangi.

**Ólafur Sigurgeirsson** velti fyrir sér tilgangi fjöldakvóta? Er þetta sölusýning? Lágmrök og kvóti til dóms, afgangur í sérstaka sölusýningu? Kynbótamat vs. Sölusýning. Það þarf að ræða.

**Tryggvi Björnsson** lagði til að sjö vetra hrossum og eldri yrði fækkað og fjöldtakmarkanir í alla flokka. Vill fullan dóm – því landsmót býr til stjórnur. Þurfum að sýna breidd. Fá betri stað í dagskrá fyrir yfirlit og enda yfirlit á verðlaunaafhendingu.

**Ríkharður Hafdal** – vill hafa breidd og töluverðan fjölda kynbótahrossa. Nauðsynlegt að raða þeim í sæti. Sleppa sjö vetra hryssum og jafnvel 4ra vetra hryssum. Svo mætti líka byrja á því að ákveða hvað viljum við hafa landsmótið marga daga? Og raða svo niður eftir því.

**Pétur Halldórsson** sagði LM algerlega sprungið og enginn væri að græða á þessum mikla fjölda. Um 180 hross, mest af þeim ung hross. Sjö vetra hryssur mættu missa sín. Ekkert svigrúm og ekkert hægt að gera. Akkorð og keyrsla og engin tími til að njóta eða hitta mann og annan. Tvær leiðir færar, annað hvort gerum við þetta alltaf eins – eða gerum landsmót að einhverju allt öðru, „showi“ sem fer ekki inn í kerfið.

**Þórdís Erla Gunnarsdóttir** tók undir með Pétri og minnti á orð Heimis um kynbótagildi LM. LM ætti að vera uppskeruhátið sem sýndi hápunkta – hægt að raða niður í kynbótahrossum í nokkurs konar keppni. Kæmi skemmtilegri samanburður og upplifun.

**Pétur** sagði rök varðandi sýningar á löngu tímabili ekki eiga við lengur, massinn kemur til sýningar í restina. Hægt að tvöfalda dómargengi og klára fleiri hross á styttri tíma.

**Gunnar Arnarson** hrósaði Pétri fyrir frábært starf og útsjónarsemi á LM. Sjónarmiðin eru mörg og misjöfn og erfitt að gera samantekt. Ætlum við að vera með dóma á LM eða ekki? Til hvers, sbr. erindi Heimis? Þetta er grundvallarspurningin. Getum við hugsað þetta allt upp á nýtt? Fyrir hvern er barist? Enginn að horfa á þó hrossin væru góð.

**Sveinn Steinarsson** – samhljómur í því að landsmót er of langt, of margir dagar.

**Elvar Logi Friðriksson** lagði til lágmrök á yngri hross, fjöldatakmrök á þau eldri, bara yfirlit, en þá átta ferðir og þá yrði að sýna allar gangtegundir til að geta hækkað, nokkurs konar kynbótakeppni.

**Bergur Jónsson** vildi ítreka þakkir til Péturs. Tók undir að 180 hross á LM væru góður fjöldi. Útlendingarnar vilja sjá yngstu hrossin og þar ætti að vera einkunn inn á mót. Dæma þau aftur á móti – fá dæmi um að eldri hross verði stjórnur á LM. Vill sjá rjómann af kynbótahrossunum um helgi, ekki að hálfklára mótið á laugardagkvöld. Skemmtiatriði og tónlist eiga ekki að vera í boði á besta tíma LM. Ósammála Axel Ómarssyni um að þetta eigi fyrst og fremst að vera viðburður sem dragi að almenna túrista.

**Sveinn** spurði út í tímasetninguna, hugmyndir um að seinka mótinu um viku, er það möguleiki?

**Ólafur Þórisson** spurði um tíma sem færi í að dæma 180 hross, - Pétur svaraði ca. 150 hross



dæmd í fordómi á þremur dögum. Utan yfirlits.

**Gunnar Arnarson** – þurfum að ná þessu niður í fjögurra daga mót ef þetta að lifa. Hámark 5 dagar.

**Björn Magnússon** – vantar gögn um áhuga gesta. Hvað vill fólk sjá á LM?

**Indriði Karlsson** sagði mótið í sumar auðvitað hræðilegt vegna veðurs og kannski erfitt að nota það sem viðmið. En það þarf samt að stytta mótið. Eitthvað verður að takmarka fjölda kynbótahrossa. Og svo ætti að vera hægt að sýna á tveimur völlum í einu.

**Sigríkur Jónsson** minnti á skýrslu Hjörnýjar Snorradóttur um LM. Sagði niðurstöður Heimis um að nánast öll hross lækki á LM sláandi. Eru dómur nauðsynlegir? Geta hross ekki orðið stjórnur í kynningu, þarf dóm til?

**Birgir Leó Ólafsson** sagði að LM ætti að enda á laugardagskvöldi, hafa sunnudaginn fyrir heimferð. Ræktunin er með 2/3 af dagskránni og við höfum því meira um það að segja að stytta dagskránni.

**Ólafur Þórisson** – LM á að vera hátíð. Annað hvort að hætta á laugardagskvöldi eða hafa alvöru dagskrá á sunnudegi. Ekki gott ef sýnt er á mörgum völlum, þá minnkar sýningarglugginn. Vill sjá fullan dóm kynbótahrossa og allar gangtegundir.

**Sigbjörn Björnsson** velti því fyrir sér hvort beinar útsendingar séu að draga úr aðsókn? Lagði til að fengin yrði Hollywood leikstjóri til að endurskipuleggja og leikstýra viðburðinum. Sagði of mikið af góðum hrossum, þau hreinlega drukkni í fjöldanum. Taldi mjög gott að seinka LM um eina viku.

**Magnús Jósefsson** sagði nauðsynlegt að halda í hefðir og smá sveitastemmingu

**Sindri Sigurgeirsson** var ánægður með umræðuna. Samhljómur um að stytta mótið, en flestir vilja dóm. Þannig að þá eru bara 150 hross málið. Dagskráin má ekki verða það þétt að ekki sé hægt að draga andann og spjalla og borða. Það þarf að fækka hrossunum. Sagðist einnig hafa spurt út í sjónvarpsmálin í stjórn LM og þar fengust þær upplýsingar að útsendingar styddu við mótið, gætu aukið aðsókn og skapa að auki tekjur með sölu að streymi.

## **Kosningar.**

Kjóra þurfti um einn stjórnarmann til eins árs í stað Ólafs Einarssonar sem látið hefur af störfum. **Eysteinn Leifsson** í Mosfellsbæ var einn í framboði og kjörinn til eins árs.

**Vignir Sigurðsson Litlu-Brekku og Jón Bjarni Þorvarðarson Bergi**, kjörnir í aðalstjórn til þriggja ára.

Þrjú varamenn voru kjörnir til eins árs.

**Sigríkur Jónsson Syðri-Úlfsstöðum**

**Þórður Júlíusson Skorrastað**

**Magnús Magnússon Íbishóli**

## **Önnur mál.**

**Sigbjörn Björnsson** tók til máls og þakkaði gott samstarf sl. 12 ár en hann hverfur nú úr stjórn félagsins.

**Sigríkur Jónsson** bar upp eftirfarandi tillögu:

*Aðalfundur FHB haldinn á Hótel Sögu 7. nóvember 2014 samþykkir að beina því til*

*stjórnar að leita eftir niðurfærðu gjaldi fyrir DNA greiningu í ljósi þeirra samþykktar sem samþykkt var hér fyrr á fundinum varðandi DNA greiningu á hryssum sem koma til dóms.*

**Ólafur Sigurgeirsson** ræddi skráningarfræst á kynbótasýningar sem hann sagði hafa verið til vandkvæða sl. vor, t.d. var skráningu á Melgerðismela lokið áður en sýningu á Sauðárkróki lauk. Spurði líka um endurgreiðslu og af hverju RLM getur haldið 1/3 af sýningargjaldinu eftir – þegar engin þjónusta er veitt, þ.e. eigandinn skráir sjálfur rafrænt.

**Viðar Steinarsson** ræddi kynbótadóma sl. vor. Fannst skalinn hafa sprungið, ansi margar 9,5 og 10. Fannst mörg hross ansi hátt dæmd, bæði að vori og á LM.

**Vignir Sigurðsson** svaraði Ólafi varðandi RML, sagði að hægt ætti að vera að skipuleggja bil á milli sýninga, það ættu svæðin að geta samræmt sín á milli. Sagði rétt að ekki væri fallinn mikill kostnaður á hross sem ekki mætir til dóms, en samt væri vinna þar á bakvið. Lesa þurfi af greiðslur, skipuleggja daga, undirbúa sýningu o.fl. þannig að alltaf er einhver kostnaður þar við.

**Magnús Jósefsson** sagði að tillagan um DNA greininguna hefði komið fram áður hér á aðalfundi og Hulda tók undir það og sagði að málið hefði verið skoðað áður og þá hefði ekki verið mögulegt að fá DNA greiningar ódýrari.

Tillagan Sigríks var því næst borin upp og **samþykkt**.

**Sveinn** formaður færði Huldu blómvönd í kveðjuskyni en hún lætur af störfum hjá félaginu um komandi áramót.

**Hulda** tók til máls í kjölfarið og þakkaði félagsmönnum gott samstarf, traust og vinskap. Hvatti fundarmenn til að standa vörð um félagið og hlutverk þess og þakkaði fyrir sig.

Þá var ekki fleira á dagskrá fundarins og þakkaði Sveinn fundarmönnum góðan fund og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju. Fundi var slitið um kl. 18.

HGG/hgg